



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 12. júlí 2023
MÍ202306-0075/ 6.09 / Þ.E.H.

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Efni: Athafnar- og hafnarsvæði við Innri-Gleðivík, Djúpivogur, Múlaþing - auglýsing tillaga deiliskipulags

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi sveitarfélagsins Múlaþings frá 13. júní 2023 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um auglýsingu á tillögu deiliskipulags fyrir nýtt athafnar- og hafnarsvæði við Innri-Gleðivík á Djúpavogi. Hægt var að hala niður greinargerð (26.05.2023) og skipulagsuppdrætti (dags. 26.05.2023).

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um tillögu ofangreinds deiliskipulags með bréfi dags. 4. maí 2023. Þar vakti stofnunin athygli á þeim fornleifum sem eru skráðar innan skipulagssvæðisins auk tveggja minja sem fundust við vettvangsskoðun minjavarðar. Fornleifum ætti ekki að stafa hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum innan svæðisins sé tekið tillit til þeirra, að undanskildum einum mögulegum minjastað þar sem þörf er á frekari rannsóknum. Einnig vakti stofnunin athygli á að ekki teldust allar minjar innan svæðisins til fornleifa samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og að hún teldi ekki þörf á frekari skráningu húsa og mannvirkja innan svæðisins.

Með uppfærðri greinargerð og skipulagsuppdrætti hefur verið brugðist við athugasemdum Minjastofnunar Íslands frá 4. maí 2023 og komu fram í umsögn stofnunarinnar varðandi skipulagstillöguna.

Minjastofnun Íslands gerir því ekki frekar athugasemdir við skipulagstillögu athafnar- og hafnarsvæðis við Innri-Gleðivík á Djúpavogi eins og þau hafa verið kynnt stofnuninni með ofangreindum gögnum.

Virðingarfyllst,

Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is